

Bjarni Þóroddsson

Frá: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Sent: mánudagur, 25. september 2023 09:42
Til: Bjarni Þóroddsson
Efni: Re: Re: Re: RE: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - breyting

Tilvísun í mál: IRN23060133

Sæll aftur Bjarni

Samþykktin var birt í Stjórnartíðindum 15. september sl. Sjá hér:
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=f339ffcc-39e1-4c7a-8891-a5af7e5149bb>

Bestu kveðjur,
Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Jóhanna Sigurjónsdóttir/SRN/NotesSTJR
Dags: 01.09.2023 14:43:29
Til: "Bjarni Þóroddsson" <Bjarni.Thoroddsson@reykjavik.is>
Efni: Re: Re: RE: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - breyting

Tilvísun í mál: IRN23060133

Sæll aftur

Ráðuneytið hefur staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum. Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda og er áætlaður birtingartími um 10 virkir dagar.
Meðfylgjandi eru lokaefni samþykktarinnar sem eingöngu er sent rafrænt.

Bestu kveðjur,
Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Jóhanna Sigurjónsdóttir/SRN/NotesSTJR

Dags: 01.09.2023 13:31:15

Til: "Bjarni Þóroddsson" <Bjarni.Thoroddsson@reykjavik.is>

Efni: Re: RE: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar - breyting

Tilvísun í mál: IRN23060133

Sæll aftur

Flott er. Þetta dugur, þá lítum við svo á að þetta sé samþykkt af ykkar hálfu. Ég geng frá þessu svona og kem til Stjórnartíðinda vonandi í dag eða strax eftir helgi.

Bestu kveðjur,
Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Notandi: "Bjarni Þóroddsson" <Bjarni.Thoroddsson@reykjavik.is>

Dagsetning: 1.9.2023 09:44:31

Til: "Jóhanna Sigurjónsdóttir" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=f6affd3c4d4543aba19d271da344470d-r10j>

Efni: RE: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar - breyting

Sæl,

Kærar þakkir, þetta eru mjög fínar leiðbeiningar. Er ekki nægilegt að við samþykkjum athugasemdirnar þar sem þetta eru ekki efnislegar breytingar?

Kveðja,

Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4702
bjarni.thoroddsson@reykjavik.is

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Sent: föstudagur, 1. september 2023 09:18
To: Bjarni Þóroddsson <Bjarni.Thoroddsson@reykjavik.is>
Subject: Re: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - breyting

Tilvísun í mál: IRN23060133

Sæll Bjarni

Hér er samþykktin með athugasemdum ráðuneytisins.

Bestu kveðjur,
Jóhanna

[IMAGE]

Notandi: "Bjarni Þóroddsson" <[Bjarni.Thoroddsson@reykjavik.is](mailto:bjarni.thoroddsson@reykjavik.is)>

Dagsetning: 26.6.2023 10:03:25

Til: "Innviðaráðuneyti" <srn@srn.is>

Afrit til: forsaetisnefnd@reykjavik.is

Efni: Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - breyting

Sæl,

Sjá meðfylgjandi samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur á breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 sem er send innviðaráðuneyti til staðfestingar í samræmi við 1. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kveðja,

Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4702
bjarni.thoroddsson@reykjavik.is

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur samkvæmt fundadagatali sem borgarstjórn samþykkir á síðasta fundi sínum fyrir sumarleyfi og er auglýst sérstaklega. Borgarstjórn skal funda tvisvar í mánuði, á þriðjudögum sem ekki ber upp á helgidag eða almennan fridag, og skulu fundir hefjast kl. 12.00. Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn geta ákveðið að færa fundartíma um að hámarki tvo daga og/eða gert breytingar á fundarstað og skulu breytingar auglýstar sérstaklega.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 9.00 á föstudegi fyrir reglulegan fund.

3. gr.

22. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

22. gr.

Hve oft má tala.

Borgarfulltrúar mega tala tvisvar við hverja umræðu máls, að frummælenda undanskildum sem má tala þrisvar.

Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftar en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftar en tvisvar.

4. gr.

24. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

24. gr.

Andsvar.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en eina mínútu og skal ræðumanni heimilt að svara því á einni mínútu. Svari ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en 10 mínútur í einu.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlið.

5. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2018 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 1. september 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Jóhanna Sigurjónsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 15. september 2023